Útkomin lög.

Lög um sölu á fangelsinu í Húsavík, gefin út 28. september 1882, birt í Stjórnartíðindum 1882 A. 17, 90.—91. bls.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

1

10. jan.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Skaptafellssýslu* **um hluta Austur-Skaptafellssýslu af styrk til eflingar búnaði.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. nóv. f. á., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá, að sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu hafi lagt það til, að upphæð sú, 170 kr., er sýslu þessari var ætluð fyrir árið 1882 af þeim styrk, er í fjárlaganna 10. gr. C. 4. er veittur til eflingar búnaði, verði fyrst um sinn geymd, til þess að henni geti síðar orðið varið til búnaðarskólastofnunar, sem ráðgjörð hafi verið fyrir Austur-Skaptafellssýslu í sambandi við Múlasýslurnar, og hafið þjer jafnframt farið þess á leit, að fjenu verði komið á vöxtu, ef hin umrædda tillaga öðlist samþykki landshöfðingjans.

Út af þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að þar eð jeg verð að álíta, að hin umgetna tillaga sýslunefndarinnar ekki geti samrýmzt fjárlögunum, get jeg ekki veitt henni samþykki mitt.

Auglýsing.

2

10. jan.

Með því að 2. alþingismaður Skagfirðinga, landritari Jón Jónsson, er dáinn 4. þ m., er hjer með samkvæmt 27. gr. laga um kosningar til alþingis frá 14. september 1877 fyrirskipað, að kosning á alþingismanni fyrir Skagafjarðarsýslu um þingtíma þann, er Jón landritari Jónsson átti eptir, skuli fram fara fyrir 1. júní 1883.

Þetta er hjer með birt öllum hlutaðeigendum, og lagt fyrir kjörstjórnina í Skagafjarðarsýslu að undirbúa kosningu þessa og að stjórna henni samkvæmt fyrirmælum nefndra kosningarlaga.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 10. janúar 1883.

Í fjarveru landshöfðingja,

Bergur Thorberg

settur.

3

15. jan.

Brjef landshöfðingja *til prófastsins í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi* **um styrk til að stofna barnaskóla í Dyrhólahreppi.** — Samkvæmt ályktun á hjeraðsfundi, sem haldinn var á Leiðvelli 29. septembermán. f. á., hafið þjer, herra prófastur, farið þess á leit í brjefi, dagsettu 15. f. m., að veittur verði 1500 kr. styrkur til að stofna barnaskóla í Mýrdalsþingum og 500 kr. árlegur styrkur honum til viðurhalds, eður að samtals 2000 kr. verði veittar úr landssjóði til þessa augnamiðs af fje því, sem ætlað er í fjárlögunum fyrir árið 1882 til kirkju- og kennslumála, 13. gr. B, V.

Um leið og þess skal getið, að fje því, sem ætlað er í fjárlögunum 1882—83 til styrks handa barnaskólum fyrir árið 1882, þegar er öllu útbýtt, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að eptir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt, geta að eins þeir barnaskólar, sem þegar eru komnir á fót, orðið aðnjótandi styrks af fje því,

26. dag febrúarmánaðar 1883.

Reykjavík 1883. Einar Þórðarson.